

UNIVERSITY COLLEGE LONDON

University of London

EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS

For the following qualifications:-

M.A.

M.A. Scandinavian Studies (Medieval & West Norse Studies): 2. Unseen Translation from Modern Icelandic

COURSE CODE : **SCAN0002**

DATE : **26-Aug-03**

TIME : **10.00**

TIME ALLOWED : **3 hours 0 minutes**

03-N39-4-20

© 2003 *University College London*

TURN OVER

Answer BOTH questions. Both questions carry equal marks.

1. Translate the following passage into English:

Á okkar afskekktu Íslandi tók það kirkjuna nokkrar aldir að ná skikkanlegri förfestu. Hér verður sú saga ekki rakin en hún er nokkuð vel kunn. Höfðingjar lýðveldisins tóku kristni án blóðsúthellinga, að því er virðist, en það væri kannski réttara að segja að þeir hafi tekið kirkju en kristni. Þeir settu kirkjuna niður í túnfætinum hjá sjálfum sér, réðu pasturslitla stráka til prestsstarfa og yfirtóku það andlega og veraldlega vald sem kirkjunni var ætlað. Um þetta hefur Sigurður Lín- dal skrifað í *Sögu Íslands, I*. Sigurður telur að þeim sem trú tóku hafi verið harla óljóst hvað það þýddi, enda hafi fræðsla verið lítil sem engin, prestar verið fáir og flestir þeirra út- lendingar. Í öðru bindi sama ritverks fjallar Magnús Stef- ánssson sagnfræðingur um stöðu kirkjunnar sem stofnunar og telur að hún hafi verið lengi að ná fullum styrk.

Kjarni þessa máls er sá að kirkjan hér verður ekki völd- ug fyrr en eftir 1262, og þá í skjóli konungvalds.

Sá einkennilegi og hæggengi sambræðingur kirkjulegs og veraldlegs valds, sem hér átti sér stað fyrstu mannsaldrana eftir kristnitöku, virðist hafa ráðið miklu um það í hvaða farveg bók- menntirnar féllu. Þetta má meðal annars sjá á *Brennu-Njáls sögu* sem er í senn nógu veraldleg og klerkleg til þess að rúma ólíkar kenningar þeirra Einaris Ólafs Sveinssonar og Lars Lönnroths.

Nú orðið hygg ég að flestir séu hættir að velta vöngum yfir því að hversu miklu leyti Íslendingasögur eru markaðar íslensku þjóðareðli eða hversu gjörla má á þeim sjá ættarmót evrópskrar miðaldamenningar. Hverju sem menn trúa í þeim efnum greinir menn varla á um að Íslendingasögurnar eru einstakar í sinni röð og ómetanlegar. Flestir ættu líka að geta tekið undir með Jesse L. Byock, sem vitnað var til hér í upphafi, að kreddur séu öllum rannsóknum hættulegar.

Hver kynslóð mun væntanlega hér eftir sem hingað til túlka *Njálu* á sinn hátt, sér og öðrum til fróðleiks og skemmtunar.

2. Translate the following passage into English:

Það er svo ákveðinn staður í garðinum sem er langþekktastur og raunar heimsfrægur og það er hverasvæðið og þá sérstaklega Old Faithful hverinn eða Gamli tryggur. Það er mikil ferðamannamiðstöð á hverasvæðinu þar sem hann er. Yfir garðinn og hverasvæðið eru á boðstólum mjög ítarlegir og aðgengilegir bæklingar. Þar kemur fram að það er ekki nema í þremur löndum í heiminum ásamt Yellowstone garðinum þar sem eru álíka hverasvæði og þar. Þetta er á Íslandi, Nýja Sjálandi og í Síberíu. Jafnvel þó að þeirra hverasvæði séu lögð saman þá ná þau ekki hverasvæðinu sem er í Yellowstone garðinum að stærð. Old Faithful hverinn er ekki sá stærsti í Yellowstone. Það er Grand hverinn en hann gýs á átta til tólf klukkutíma fresti með nokkurs konar skotgosum sem ná upp í allt að sextíu metra hæð. Þarna er mikill fjöldi af hverum og laugum og eru þeir af alls konar stærðum og gjósa mjög mismunandi. Old Faithful hverinn gýs á 45 til 80 mínútna fresti í tvær til fimm mínútur. Þegar ég var þarna þá gaus hann að meðaltali á 72 mínútna fresti og náðu gosin upp í þrjátíu til fimmtíu og fimm metra hæð. Ég var viðstaddur tvö gos í Old Faithful. Þau stóðu í rúmar tvær mínútur og ætli strókurinn hafi ekki náð í um fjörutíu metra hæð. Er auðvelt að fylgjast með því í ferðamannamiðstöðinni hvenær hann gýs því það er alltaf gefið upp með fáeinna mínútna nákvæmni á spjöldum sem hanga þar upp á veggjum. Ég varð mjög hrifinn af því hvernig öll tilhögun í kringum hverinn er. Þannig er að í 80—90 metra fjarlægð frá honum er komið fyrir tvöfaldri bekkjaröð þar sem fólkið situr og bíður eftir að hverinn gjósi. Þessi bekkjaröð nær u.þ.b. hálfhring í kringum hverinn og er séð til þess að bekkirnir séu þannig að menn séu á réttum stað til að taka myndir vegna sólarinnar. Þarna eru nokkrar einfaldar leiðbeiningar fyrir fólk til að fara eftir og allt verður þetta þess valdandi að það þarf engan vörð á svæðinu til að passa mannskapinn. Í þau skipti sem ég var þarna var nokkuð á annað þúsund manns sem sat á bekkjunum og á svæðinu og að hugsa sér, það var ekki einn einasti vörður! Mér varð óneitanlega hugsað til Geysissvæðisins hér heima og hvernig allir fá að vaða alveg að hverunum sem þar eru. Varla þarf að taka fram að í 80—90 metra fjarlægð er ágætis aðstaða til þess að fylgjast með hvernum þegar hann gýs og líka að þá eru áhorfendurnir í réttu fjarlægð til að taka ljósmyndir. Satt best að segja var ég þarna til að sjá fólkið sem var að skoða hverinn, því Íslendingar þurfa ekki að ferðast um hálfan hnöttinn til að sjá hver gjósa.